

Sent á bygg@vik.is

Skipulags og byggingarnefnd Mýrdalshrepps

Eigendur Jeppa og allt ehf viljum gera athugasemdir við grenndarkynningu mhl.01 Sunnubraut 15 frá 03.03.2022. Verði farið í þessar breytingar á Sunnubraut 15, Smiðjan Brugghús þá viljum við að bílastæðin verði forgangsverkefni þar sem núverandi bílastæði eru ekki að anna þeirri starfsemi sem nú þegar er í gangi við Sunnubraut 15. Við erum ekki sammála þeirra ummælum um bílastæðin hjá sér. **Bílastæði á lóð: Fyrir er ger ráð fyrir bílastæðum að norðanverðu í samræmi við uppdrátt. Núverandi bílastæði sem eru um 15 talsins anna ágætlega núverandi starfsemi þótt svo að þau geti orðið fullnýtt yfir háannatíma“**

Látum fylgja hér með nokkrar myndir þessu til sönnunar:



Þetta eru viðskiptavinir Smiðjunnar Brugghús.....



Viljum við fjölgun á bílastæðum verði fyrsta verk og þau merkt, þar sem það hefur gerst nokkuð oft að innkeyrslunni að þjónustunni sem rekinn er í húsi okkar hefur verið lokað með illa lögðum bílum vörubifreiðum með aftanývagna, stórum rútum og stórum bílum með hjólhýsum, fellihýsum og hestakerrum. Þannig að lóðin hjá okkur er oft mjög þétt setið og stundum alveg lokað af viðskiptavinum Smiðjunnar Brugghúss. (eins og meðfylgjandi myndir sýna svo glögglega)

Níundi liður muni hljóða svo:

9. hið fyrsta verk er að fjölga bílastæðum og merkja þau.

Ekki 9. Gert er grein fyrir hugsanlegri fjölgun bílastæða á lóð.

Að öðru leiti höfum við lítið lítið við þessar breytingar að segja,annað en það að bílastæðum þarf að fjölgað ef staðurinn á að stækka.

Kv,

Jeppar og allt ehf

Sunnubraut 14-16

Tekið af vef vik.is fundargerð 14.02.2022

Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps
Austurvegur 17
B.t. Skipulags- og byggingafulltrúi

10.02.2022

Málafni: Umsókn um byggingarleyfi vegna breytinga á innra skipulagi matshl. 01 - Sunnubraut 15.

Umsókn þessi ásamt meðfylgjandi uppdrætti tekur til iðnaðarhúsnæðis að Sunnubraut 15, matshluta 01-101 sem hýsir starfsemi veitingastaðar og brugghúss Smiðjunnar Brugghús og flutningafyrirtækisins Auðberts og Vigfús Páls. Í umsókninni felast eftirfarandi breytingar:

1. Opnað er yfir í aðliggjandi bil frá núverandi bruggsal Smiðjunnar og starfsemin stækkuð yfir inn í þann hluta.
2. Veitingasalur stækkar inn á svæði sem hýsir núverandi brugghús að hluta. Áætluð fjölgun gesta er um 20. Heildar fjöldi gesta verður skilgreindur nánari við umsókn um stækkað rekstrarleyfi sem kemur til umsagnar sveitarfélagsins.
3. Reistur er milliveggur sem skilur að lager/starfsmannarými veitingastaðar og brugghússins sjálfs.
4. Inn í nýjum bruggsal er gert ráð fyrir stækkun á núverandi millilofti sbr. grunnmynd af milligólf og sniðmyndir ásamt aðgengi upp á milligólf.
5. Í vestasta hluta rýmisins við hliðina á barnum er gert ráð fyrri rými fyrir serving tanka, salerni og fatahengi auk þess sem opnað er á flóttaleið yfir í næsta rými.
6. Salernisaðstöðu í austasta hluta rýmisins er breytt töluvert þar sem salernum er fjölgað úr þremur í fimm.
7. Eldhús er stækkað yfir í starfsamanna- og lagerrými til suðurs 8. Salerni og ræstistaðstaða er afmörkuð í tengslum við eldhús.

9. Gert er grein fyrir hugsanlegri fjölgun bílastæða á lóð.

Bílastæði á lóð: Fyrir er ger ráð fyrir bílastæðum að norðanverðu í samræmi við uppdrátt. Núverandi bílastæði sem eru um 15 talsins anna ágætlega núverandi starfsemi þótt svo að þau geti orðið fullnýtt yfir háannatíma. Miðað við þær forsendur má gera ráð fyrir um 3 gestum í hverjum bíl en að auki koma gestir fótgangandi frá hótelum innan þorpsins og frá tjaldsvæðinu. Við stækkun salar má ætla að unnt verði að taka við fleiri gestum. Áætluð fjölgun gesta vegna stækkunar mun þó ekki vera í hlutfalli við stækkun þar aðrar breytingar taka gólfpláss samhliða stækkun á sal. Gert er ráð fyrir

aukningu sem nemur um það bil 20 gesti eða sem nemur um 7 bílastæðum. Heildar fjölgun gesta verður skilgreind með ítarlegri hætti við umsókn um rekstrarleyfi. Ætlunin er að til framtíðar samhliða breytingum verði skilgreind bílastæði vestan við húsið þar sem unnt verður að koma fyrir töluverðum fjölda bílastæða. Á upprætti eru skilgreind 13 stæði til viðbótar við núverandi bílastæði. Staðsetning stæða og lega vestan við húsið er sýnd til viðmiðunar.